

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 64, 2. febrúar 1998, um þorskfisknet.

1. gr.

B-liður 2. mgr. 1. gr. breytist og orðist svo: Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. janúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.